

02.Febrúar.2021 Sólheimakot

Ársfundur Vorstehdeildar fundargerð.

Formaður deildarinnar Guðmundur Pétursson setti fundinn og lagði til að Bragi Einarsson tæki að sér fundarstjórn, sem samþykkt var einróma af fundarmönnum.

Fundarstjóri, Bragi Einarsson þakkaði traustið og lagði til að Eydís Gréta Guðbrandsóttir yrði fundarritari, sem samþykkt var einróma af fundarmönnum. Bragi var búin að kanna lögmæti fundarins og til hans var boðað á réttum tíma.

Skýrsla stjórnar

Fyrsta mál á dagskrá var lestur formanns Guðmundar Péturssonar á skýrslu stjórnar, þar sem farið var yfir störf og viðburði deildarinnar. Skýrsla stjórnar var samþykkt einróma.

Fjárhagur

Fundarstjóri bað formann deildarinnar að greina frá fjárhagsstöðu deildarinnar. Formaður, Guðmundur Pétursson upplýsti fundarmenn að hrein eign á bankareikningi deildarinnar er . ca 424.776 kr. Og einn flugmiði. Guðmundur fór yfir fjárhag og okkar frábæru styrktar aðila sem styrkja deildina duglega. Engar spurningar né athugasemdir voru gerðar við fjárhag deildarinnar.

Kosning til stjórnar.

Næsta mál á dagskrá var að kjósa um 4 laus sæti í stjórn deildarinnar. Eitt sæti til eins árs og 3 til tveggja ára. Óskar Hafsteinn Halldórsson bauð sig fram í sæti til eins árs og Eiður Gísli Guðmundsson, Guðni Stefánsson og Sigurður Arnet gáfu kost á sér til næstu tveggja ára.Ekki gáfu fleiri kost á sér svo þeir fengu lófaklapp fyrir.

Heiðrun stigahæstu hunda Vorstehdeildar árið 2020

Unghundaflokkur: ISJCh Legacyk Got Milk

Opinn flokkur: C.I.B ISCh RW-17-18 NORDICCh Veiðimela Jökull

Keppnisflokkur: C.I.B ISCh RW-17-18 NORDICCh Veiðimela Jökull

„Over all“: C.I.B ISCh RW-17-18 NORDICCh Veiðimela Jökull

Við óskum eigendum og leiðendum, Friðriki G Friðrikssyni og Hildu Björk Friðriksdóttur, innilega til hamingju með flotta hunda. Þeir eru svo sannarlega vel að sigrinum komnir.

Önnur mál

Mikil umræða varð um hertar ræktunarreglur von Willebrand type 2 hvort þetta sé kröfur frá FCI eða HRFÍ, af hverju stjórn hafi samþykkt þetta og fleira, engin lending í þessum umræðum

Félagsmenn vilja vera meira inn í málum stjórnar og kom tillaga um að öll stærri og viðarmikil mál t.d. breyting á ræktunarreglum yrði rækilega kynnt inná heimasíðu deildarinnar. Tillagan samþykkt með meirihluta.

Tillaga kom um endurskoða stigagjöf deildarinnar í sambandi við sýningar, gefa stig fyrir BOB,BOS, Besti ungliði, Besti ræktandi, og fl fá fólk til að taka þátt. Þetta gæti verið hvetjandi fyrir fólk að taka þátt,jafnvel hafa stigatöflu fyrir sýningu sér. Ný stjórn tekur þetta mál að sér.

Fundi slitið kl.21:05

Mættir á fundinn

Bragi Egilsson (fundarstjóri)

Guðmundur Pétursson

Kjartan Antonsson

Gréta Guðbrandsdóttir

Díana Sigurfinnsdóttir

Óskar Hafsteinn Halldórsson

Gunnar Páll Jónsson

Guðni Stefánsson

Friðrik Friðriksson

Hilda Björk Friðriksdóttir

Sigurður Arnet